

Staðfesting konungs 10. nóvember 1911.

Skipulagsskrá
fyrir heiðurslaunasjóð Ben. S. Þórarinssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Heiðurslaunasjóður Ben S. Þórarinssonar“, og er eign Háskóla Íslands samkvæmt gjafabréfi mínu, dagsettu á stofndag háskólans 17. júní 1911.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 2.000 kr. – tvö þúsund krónur – og skal ávaxta á jafntryggilegan hátt og fé ófullveðja manna.

3. gr.

Við höfuðstólinn leggjast árlega vextir og vaxtavextir nema þegar háskólaráðið veitir einhverjum rithöfundi heiðurslaun, heiðurspening eða því um líkt fyrir framúrskarandi ritverk í hverskyns vísindum sem eru. Eigi má þó veita að heiðurslaunum meira en þriggja ára vexti í einu.

4. gr.

Uppástungurétt um heiðurslaun hefir hver kennari háskólans, en veitingarvaldið er hjá háskólaráðinu eftir tillögum þeirrar háskóladeildar, er vísindin heyra undir.

5. gr.

Háskólaráðið hefir á hendi alla stjórn sjóðsins, semur reglugerð fyrir hann, og leitar staðfestingar konungs á skipulagsskrár þessari.

Reykjavík 17. júlí 1911.

Ben. S. Þórarinsson